

# Lykilupplýsingaskjal

Séreign, sparnaðarleið 1

## Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarleið. Þetta er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af leiðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

## Afurð

Sparnaðarleiðin er útgefin af Festu lífeyrissjóð, kennitala 571171-0239. Vefsíða sjóðsins er [www.festa.is](http://www.festa.is) og símanúmerið er (+354) 420-2100. Festa lífeyrissjóður er eftirlitsskyldur aðili undir eftirliti Seðlabanka Íslands. Athugið: Um er að ræða samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.

## Hvers konar afurð er þetta?

### Tegund

Sparnaðarleið 1 veitir sjóðfélaga viðbótartryggingarvernd í formi hlutdeildartengdrar fjárfestingarvöru. Hægt er að velja um almenna séreign eða tilgreinda séreign. Afurðin tekur mið af þeim takmörkunum sem lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 setja.

### Markmið


Sparnaðarleið 1 hentar eldri og/eða áhættufælnum sjóðfélögum. Eignasafn sparnaðarleiðar 1 er varfærið, þar sem meirihluti eignasafnsins er í trygguðum, skráðum skuldabréfum og innlánnum.

### Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Þessi sparnaðarleið er hugsuð fyrir viðskiptavinum sem eru að leita að fjárfestingu í samræmi við markmið sjóðsins eins og lýst er hér að ofan og eru ánægðir með hugsanlegar frammistöðusviðsmyndir sem lýst er hér að neðan.

## Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

### Áhættuvísir



Samantekinn áhættuvísir er leiðarvísir um áhættustig þessarar vöru samanborið við aðrar vörur. Hann sýnir hversu líklegt er að varan tapi peningum vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við getum ekki borgað þér.

Við höfum metið áhættu þessarar leiðar sem 2 af 7, sem er lítil áhætta.

Uppfært: mars 25

Þetta leggur mat á hugsanlegt tap vegna framtíðarárangurs á miðlungs stigi og lélegar markaðsaðstæður eru afar ólíklegar til að hafa áhrif á getu okkar til að greiða þér. Þú átt ekki rétt á að fá til baka lágmarkshlutfall af fjármagni þínu. Upphæðin sem þú færð mun tengjast verðmæti fjármunanna við andlát eða uppsögn sem er háð framtíðarárangri á markaði og óvissu. Þessi vara felur ekki í sér neina vernd gegn framtíðarárangri á markaði svo þú gætir tapað fjárfestingu þinni að hluta eða öllu leiti.

## Árangurs-sviðsmyndir

Fjárfesting: 1.000.000 kr.		1 ár	3 ár	5 ár <sup>1</sup>
Sviðsmyndir				
Slæm-sviðsmynd	<b>Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar</b> Meðalávöxtun á hverju ári	891.317 kr. -10,87%	2.761.213 kr. -4,09%	4.544.608 kr. -3,17%
Óhagstæð sviðsmynd	<b>Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar</b> Meðalávöxtun á hverju ári	978.603 kr. -2,14%	2.991.804 kr. -0,14%	5.067.079 kr. 0,44%
Hóflæg sviðsmynd	<b>Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar</b> Meðalávöxtun á hverju ári	1.016.847 kr. 1,68%	3.127.744 kr. 2,10%	5.337.053 kr. 2,18%
Hagstæð sviðsmynd	<b>Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar</b> Meðalávöxtun á hverju ári	1.056.646 kr. 5,66%	3.271.023 kr. 4,39%	5.624.812 kr. 3,95%

1) Ráðlagður fjárfestingartími

Uppsöfnuð fjárfestingarupphæð: 1 ár - 1.000.000 kr., 3 ár - 3.000.000 kr. og 5 ár - 5.000.000 kr. Þessi tafla sýnir upphæðina sem þú gætir fengið til baka á næstu 5 árum við mismunandi aðstæður að því gefnu að þú fjárfestir 1.000.000 kr. á hverju ári.

Sviðsmyndirnar sýna hvaða árangri fjárfesting þín gæti skilað þér. Þú getur borið þær saman við árangur annarra fjárfestingakosta.

Sviðsmyndirnar eru mat á framtíðarframmistöðu byggt á sögulegum gögnum um hvernig verðmæti þessarar fjárfestingar getur breyst miðað við markaðsforsendur og eru ekki nákvæm vísending. Það sem þú færð er mismunandi eftir því hvernig markaðurinn þróast og hversu lengi þú heldur fjárfestingunni.

Slæma sviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við mjög erfiðar markaðsaðstæður og tekur ekki tillit til aðstæðna þar sem við getum ekki borgað þér.

Tölurnar sem sýndar eru innihalda allan kostnað við vöruna sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til skattalegrar stöðu þinnar, sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

## Hvað gerist ef Festa lífeyrissjóður getur ekki greitt út?

Engar tryggingar eru til staðar til að tryggja inneign sjóðfélaga gagnvart mögulegu tapi.

## Hver er kostnaðurinn?

Kostnaður yfir tíma

Fjárfesting: 1.000.000 kr.			
Sviðsmyndir <sup>1</sup>	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 3 ár	Ef þú selur eftir 5 ár
Heildarkostnaður	6.000 kr.	11.829 kr.	17.483 kr.
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,60%	0,19%	0,11%
1) Gert ráð fyrir hóflegri sviðsmynd			

## Samsetning kostnaðar

### Tafla þessi sýnir áhrifin á hagnaðinn á hverju ári

Stakur kostnaður	Inngöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar.
	Útgöngukostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar við að innleysa fjárfestingu þína þegar hún fellur í gjalddaga.
Viðvarandi kostnaður	Viðskiptakostnaður eignasafns	0,60%	Áhrif kostnaðar okkar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina.
	Annar viðvarandi kostnaður	0,00%	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum og kostnaðurinn sem er settur fram í ll. þætti.
Aukakostnaður	Árangurstengdar þóknanir	0,00%	Áhrif árangurstengdra þóknana. Við tökum þessa þóknun af fjárfestingu þinni ef afurðin stendur sig betur en viðmiðun henna.
	Hlutdeild í hagnaði	0,00%	Áhrif hlutdeildar í hagnaði.

## Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 5 ár

Ráðlagður fjárfestingartími hefur verið valinn til að vera nógu langur til að jafna sveiflur í ávöxtun yfir tímabil. Þessi vara er hugsuð sem opin fjárfesting. Þú getur nálgast almennan séreignasparnað við 60 ára aldur. Tilgreind séreign er laus til útgreiðslu á fimm ára tímabili fyrir hefðbundinn lífeyristökualdur (nú 67 ára).

## Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að hafa samband við aðalskrifstofu sjóðsins að Krossmóa 4A, 260 Reykjanesbæ. Einnig er hægt að hringja í síma 420-2100 eða senda tölvupóst á [festa@festa.is](mailto:festa@festa.is).

## Aðrar upplýsingar sem skipta mál

Ársreikning og fjárfestingarstefnu er að finna á vefsíðu Festu lífeyrissjóðs; <https://www.festa.is/fjarmal>.